

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 10. stjórnarfundar, haldinn þann 26. mars. 2024 í Borgartúni 26 kl. 14:30-15:00.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson (tók þátt gegnum fjarfundabúnað), Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 9. fundar

Fundargerð 9. fundar samþykkt.

2. Ráðning framkvæmdarstjóra

Formaður upplýsti að í undirbúningi væri að ganga frá skriflegum ráðningarsamningi við Örn Viðar Skúlason sem ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri félagsins.

3. Fundur með Búmönnum

Rætt um fund með forsvarsmönnum Búmannanna sem átti sér stað fyrr um daginn. Á honum var farið yfir málið og þau ákvæði laga nr. 16/2024 sem gilda í tilviki búseturéttarhafa. Ákveðið að hittast aftur að loknu páskaeyfi.

4. Starfsreglur stjórnar

Vinna stendur yfir við móttun starfsreglna stjórnar félagsins. Rætt að við móttun þeirra þurfi að taka mið af eigendastefnu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir félög í eigu ríkisins. Einnig að reglurnar þurfi að taka mið af þeim sérákvæðum í lögum sem gilda um starfsemi félagsins s.s. stjórnsýslulögum og ákvæði 9. gr. laga nr. 16/2024. Í því ákvæði segir m.a. að við einkaréttarlegar ákvarðanir skuli félagið hafa til grundvallar gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni og að Ríkisendurskoðun eftirlit með starfsemi félagsins. Þá segir þar einnig að félagið skuli að eigin frumkvæði birta upplýsingar um framkvæmd ráðstafana samkvæmt lögnum um félagið þ.m.t. um fjölda beiðna um kaup, fjölda frágenginna samninga og heildarfjárhæðir.

Rætt að uppsetning á vef fyrir félagið á island.is mæti að einhverju leyti þeim kröfum sem gerðar eru til félagsins varðandi birtingu upplýsinga. Þar koma fram lög og reglugerðir um verkefnið auk spurninga og svara. Þá hafi félagið birt þar þrjár fréttatilkynningar um starfsemina. Rætt að auka þurfi enn frekar upplýsingamiðlun og leita þurfi leiða við að stuðla að dreifingu þeirra upplýsinga sem þarf eru birtar. Þegar hefur verið ákveðið að birta fundargerðir af stjórnarfundum.

5. Vinna við skjalagerð og bakenda umsóknarkerfis

Vinna stendur enn yfir við skjalagerð og forritun bakenda umsóknarkerfisins. Vinnan er langt komin og enn er stefnt að því að hefja kaup á eignum í byrjun apríl.

6. Verklag við afgreiðslu umsókna

Rætt um að nauðsynlegt sé að skrá verkalagslegur um afgreiðslu umsókna. Í þeim þarf að koma fram hvernig stjórnarmenn og framkvæmdarstjóri munu gæta að hæfi skv. Stjórnsýslulögum. Í þeim þarf einnig að koma fram hvernig forgangsroðun umsókna verður háttáð. Þá þarf að skrá viðmiðunarreglur um afgreiðslu svokallaðrar fráviksmála t.d. þegar óskað er undanþágu frá skilyrði um lögheimili í húsnæði.

7. Ferð til Grindavíkur

Rætt um ferð stjórnar og framkvæmdastjóra til Grindavíkur í síðustu viku. Ferðin var upplýsandi og í henni átti fulltrúar félagsins ýmis gagnleg samtöl.

8. Önnur mál:

Óskar Józefsson
Guðrún Þorleifsdóttir

Ákveðið að birta fréttatilkynningu 27. Mars og upplýsa um fjölda umsókna og helstu áform um fyrirkomulag kaupa.

Næsti stjórnarfundur verður þriðjudaginn 2. apríl kl. 15:00 í húsnæði Landsbankanum.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 15:00